

ur glatazt, en þar er um að ræða eina mynd. Það er fram komið, að stefnandi reiknar tvenns konar verð á myndum þeim, sem í sendingunni voru, kr. 450.00 og kr. 400.00. Eftir öllum atvikum þykir rétt að reikna verð myndar þeirrar, sem ekki hefur komið fram, á kr. 450.00, og verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð. Þá verður stefnda og gert að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 22. desember 1962 til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Loftleiðir h/f, greiði stefnanda, Elíasi Hannesyni, kr. 450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. desember 1962 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1966.

Nr. 6/1965.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Herði Victorssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn ákærða ásamt öðrum manni, en hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar einungis að því er varðar ákærða, Hörð Victorsson.

Atvikum máls þessa er réttilega lýst í héraðsdómi, og er hæfileg refsing sú, fangelsi 4 mánuði, sem ákærða var þar ákveðin.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að ákærði hefur nú um skeið verið til lækninga vegna drykkjuhneigðar sinnar. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að ákærði viðurkenndi brot sitt þegar og að um lágar fjárhæðir er hér að fjalla, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar ákærða skuli fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 5.000.00, og máflutningslaun til verjanda, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Victorsson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 5.000,00, og laun verjanda sins í Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 18. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4248—4249/1965: Ákærvaldið gegn Tryggva Einarssyni og Herði Victorssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 28. f. m., gegn:

1. *Tryggva Einarssyni* sjómanni, Túngötu 29, Reykjavík, fæddum 29. júní 1936, Suðureyri, Súgandafirði,
2. *Herði Victorssyni* sjómanni, Kaplaskjólsvégi 53, fæddum 15. apríl 1938 í Reykjavík,
„fyrir skjalafals samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa:

I. Fimmtudaginn 15. júlí 1965 farið saman og í samráði um eftirtalinn verknað í skrifstofu Bæjarútgerðar Reykjavíkur, þar sem ákærði Hörður kynnti sig sem Árna Jóhannsson, og eftir að hafa í heimildarleysi kvittað með því nafni á greiðslukvittun fengið greiddar eftirstöðvar kaups Árna Péturs Króknes Jóhannssonar sjómanns, Langholtsvegi 4, Reykjavík, að upphæð kr. 827.03.

II. Nokkru síðar farið saman og í samráði um eftirtalinn verknað í skrifstofu útgerðarfélags Einars Sigurðssonar í Reykjavík með umboð, sem ákærði Tryggvi hafði í heimildarleysi ritað undir nafn Árna Jóhannssonar, sem áður er nefndur, og framvísa því þar í því skyni að fá greiddar kr. 1.000.00 af kaupi áður nefnds Árna, sem ekki tókst.

Til vara er ákært fyrir hlutdeild samkvæmt 22. gr. hegningarlaga þannig: Ákærði Tryggvi fyrir hlutdeild í broti því, sem lýst er undir I, og ákærði Hörður fyrir hlutdeild í brotinu undir lið II.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 15. júlí voru ákærðu saman að drykkju og varð féskylft. Ákærðu eru báðir kunnugir Árna Pétri Króknes Jóhannssyni sjómanni, Langholtsvegi 4. Þeir höfðu grun um, að hann kynni að eiga inni kaup hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Urðu þeir ásáttir um að reyna að hafa út inneign Árna. Fóru báðir í skrifstofu útgerðarinnar, og hafði ákærði Hörður orð fyrir þeim, kynnti sig sem Árna Jóhannsson og fékk viðstöðulaust út inneign hans, kr. 827.03. Kvittaði ákærði Hörður fyrir greiðslunni með nafninu Árni Jóhannsson. Peningunum eyddu ákærðu síðan saman.

Með ofangreindu verki þykja ákærðu hafa brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga, þ. e. notað falsað skjal til að blekkja með í lögskiptum, og verður að telja báða aðalmenn að brotinu.

Ákærði Tryggvi hefur endurgreitt Bæjarútgerð Reykjavíkur kr. 827.03.

II.

Sama dag og áður greinir, 15. júlí, fóru ákærðu í skrifstofu Einars Sigurðssonar útgerðarmanns, en áður nefndur Árni Pétur

Króknes Jóhannsson var um þessar mundir skipverji á b/v Sigurði, er Einar Sigurðsson gerir út. Ákærðu höfðu með sér bréfmiða, er á var ritað: „Ég undirritaður gef Tryggva Einarssyni heimild til þess að fá eitt þúsund krónur af kaupmiðinu. Árni Jóhannsson.“ Ávísun þessa hafði ákærði Tryggvi ritað, en það var sameiginlegt ráð ákærðu að ná út af kaupmiðinu með þessum hætti. Þeim var sagt, að ekkert fengist borgað út, meðan togarinn væri ekki búinn að selja. Fóru ákærðu burt við svo búð, en ávísunin varð eftir.

Með framangreindri notkun falsaðs skjals hafa ákærðu unnið til refsingar samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga.

III.

Ákærði Tryggvi hefur eigi fyrr verið kærður fyrir auðgunarbrot og ekki sætt öðrum refsingum en 5 sektum fyrir áfengislagabrot. Ákærði Hörður hefur 22 sinnum sætt á greiðslu sekta fyrir ölvun og að öðru leyti sætt þessum kærðum og refsingum:

- 1955 30/7: Dómur: 4. mán. skilorðsb. fangelsi fyrir þjófnað.
 — 12/10: Ákæru fyrir innbrotþjófnað frestað skilorðsbundið.
 — 17/10: Ákæru fyrir þjófnað frestað skilorðsb. 2 ár.
 1958 17/5: Sátt: 500 kr. sekt fyrir árás.

Refsing hinna ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Rétt er að frestað verði fullnustu refsingar ákærða Tryggva, þannig að hún falli niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hins vegar þykir með hliðsjón af fortíð Harðar ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans.

Dómsorð:

Ákærðu, Tryggvi Einarsson og Hörður Victorsson, sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða Tryggva, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.